

**429. Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 18. maí 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Guðni Ólafsson (GÓ), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði, að teknir væru á dagskrá sem liður nr. 2 fundargerð 37.fundar bygginganefndar, sem liður nr. 3 786.fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og liður nr. 4 fundargerð fyrsta fundar samráðsvettvangs ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Samþykkt samhljóða. Gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **1105004F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 62](#)**  
1. töluliður tekinn út til afgreiðslu. Hreppsnefnd samþykkir breytingu á 2.gr.: Textinn eftir 1.setn. fer út og inn kemur: Heimilt er að veita barni sem ekki á lögheimili í sveitarfélaginu tímabundna leikskólavist og um það gilda viðmiðunarreglur Sambands ísl. sveitarfélaga vegna leikskólavistar utan lögheimilissveitarfélags. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin staðfest samhljóða.
2. **1105011F - [Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 37](#)**  
1. liður tekinn út til afgreiðslu: Fagnað er frumkvæði Kvenfélagsins Hörpu og er oddviti falið að funda með félagskonum, þar sem ekki fylgja teikningar og nákvæm staðsetning bílastæðis. Samþykkt samhljóða. Varðandi 2. tölulið: Þar sem sveitarfélagið hefur ekki getað uppfyllt aðra grein framtíðarskipulags um gámaleyfi hefur reglugerðin ekki tekið gildi. Forstöðumaður tæknideildar er að vinna að samræmdri gjaldskrá að því er varðar hans svið og mun þetta falla þar undir. Samþykkt samhljóða. Fundargerðin staðfest samhljóða.
3. **1105042 - [Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 786.fundar stjórnar þann 29.apríl 2011](#)**  
Lagt fram til kynningar.
4. **1105043 - FV fundargerð fyrsta fundar samráðsvettvangi ríkisstjórnarinnar 3.maí 2011**  
Lagt fram til kynningar.
5. **1105031 - Bókasafn Tálknafjarðar - drög að gjaldskrá**  
Gjaldskrá og útlánareglur Bókasafns Tálknafjarðarhrepps lagðar fram. Samþykkt samhljóða.

6. **1105030 - Ályktanir frá aðalfundi Búnaðarsb. Vestfjarða 2011**  
*Tvær ályktanir frá aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða liggja fyrir fundinum í þeirri fyrri er mótmælt harðlega framkomnum hugmyndum um flutning hreindýra til Vestfjarða og í hinni seinni er lagt til að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins finni hagkvæmar lausnir til förgunar hræja og sláturúrgangs sem til fellur á lögbýlum.*  
Lagt fram til kynningar.

7. **1105029 - Sjávarútvrn - Drög að reglug um bann við dranótaveiðar í fjörðum Vestfjarða.**

*Samkvæmt bréfi og fylgigögnum frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 19.04.2011 er gert ráð fyrir að takmarka með banni veiðar með dragnót innan fjarða í fjörðum Vestfjarða ýmist allt árið eða tímabundið. Um er að ræða í Jökulfjörðum, Ísafjarðardjúpi, Önundarfirði, Dýrafirði, Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði.*

Skiptar skoðanir eru í samfélaginu um áhrif dragnótaveiða og takmörkuð þekking er til staðar um mikilvægi vistkerfis fjarðanna sem uppeldisstöðva sjávarfangs og telur hreppsnefnd mikilvægt að auka við þá þekkingu og hvetur til að ákvarðanir séu teknar á vísindalegum grunni. Að þessu sögðu leggst hreppsnefnd ekki gegn drögum að reglugerð. Samþykkt samhljóða.

8. **1105007 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2010 - síðari umræða.**

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana 2010 lagður fram til síðari umræðu.

Farið var yfir helstu lykiltölur fyrir árið 2010: Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2010 var lagður fram til fyrri umræðu á 428. fundi hreppsnefndar 11.maí 2011. Oddviti fór yfir helstu niðurstöður ársreikningsins sem eru að heildarrekstrartekjur sveitasjóðs og stofnana hans voru 226,4 millj.kr. og rekstrargjöld 233,1 millj.kr. Rekstrarniðurstaða var því neikvæð um 6,8 millj.kr. borið saman við 12,9 millj.kr. halla sem áætlað var samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Veltufé frá rekstri nam 1,5 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 1,2 millj.kr. Handbært fé í árslok 3,9 millj.kr. Eigið fé í árslok er 164 millj.kr. og lækkar um 5 millj. kr. milli ára.

Rekstur sveitarfélagsins. Skatttekjur urðu 95,5 millj.kr. eða 10,2 millj.kr. hærri en áætlað var. Laun og launatengd gjöld voru 112,4 millj.kr., almennur rekstrarkostnaður 109,5 millj.kr., afskriftir 11,2 millj.kr. og nettó fjármagnskostnaður 7,2 millj.kr. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál með 98,5 millj.kr., æskulýðs- og íþróttamál 34 millj.kr., sameiginlegur kostnaður 27,9 millj.kr. Heildarskuldir sveitarsjóðs og stofnana hans námu 133,3 millj.kr. í árslok 2010.

Langtímaskuldir við lánastofnanir 87,6 millj. kr og næsta árs afborganir 13,8 millj. kr., alls 101,4 millj. kr. borið saman við 112,8 millj.kr. í árslok 2009 og lækkuðu því skuldir um 11,4 millj.kr. á milli ára. Heildar veltufjármunir í árslok 2010 22,7 millj.kr. Heildar fastafjármunir voru 274,8 millj.kr. Eigið fé 164,2 millj.kr. Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana 2010 borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða og staðfestur með undirritun.

9. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**  
Oddviti kynnti drög að bæklingi um breytt fyrirkomulag sorphirðu og stefnt er að íbúafundi til kynningar málsins.  
Einnig liggur fyrir samþykki orkustofnunar vegna borunar eftir heitu vatni.  
Tölvupóstur frá markaðsstofu Vestfjarða vegna markaðsátaks og hreppsnefnd samþykkir að verja allt að kr. 330.000.- til verkefnisins, vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2011.
10. **1105028 - Kynnisferð sveitastjórnamanna til Brussel 5.-9. jún n.k**  
Lagt fram til kynningar.
11. **1105032 - Landskerfi bókasafna - Aðalfundur 25. maí 2011**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:38.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____